

**2008 nr. 60 7. júní****Lög um heimild ríkissjóðs Íslands til sérstakrar lántöku á árinu 2008**

Tóku gildi 11. júní 2008. Breytt með L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

[Ráðherra],<sup>1)</sup> fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka á árinu 2008 lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði

þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna.

Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á lántökuheimildir ríkissjóðs skv. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2008.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 480. gr.

**■ 2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.